

Kennslustundir á viku skulu vera þessar:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg) .....	4 stundir
Siglingafræði (skrifleg og munnleg) .....	13 —
Íslenska (skrifleg og munnleg) .....	5 —
Danska (munnleg) .....	3 —
Sjóréttur (munnlegur) .....	1 —
Hjúkrunarfræði (munnleg) .....	1 —
Veðurfræði (munnleg) .....	1 —
Alþjóðamerki .....	2 —

Samtals á viku 30 stundir

89

27. apríl

Í prófreglugerð fyrir stýrimannaskólann verður kveðið nánar á um það, hverju takmarki kennslunni er ætlað að ná í hverri grein.

32. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin til meðferðar í IX. kafla, skal farið eftir viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar.

33. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 164 13. ágúst 1942, er úr gildi fallin.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1945.*

**Emil Jónsson.**

*Vígfús Einarsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir rafveitu Ólafsfjarðar.

90

27. apríl

### I. Raforka.

Rafveita Ólafsfjarðar skal selja raforku við því verði, sem hér segir:

#### A. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar:

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar og suðu, skal selja hana um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 20 aura hverja kwst. fyrstu 150 kwst. á mánuði hverjum. Notkun umfram þetta greiðist með 15 aurum hver kwst. Auk þess greiðist fast gjald, 21 eyrir á mán., af hverjum m<sup>2</sup> gólfplatar íbúðarherbergja. Til íbúðarherbergja teljast allar stofur og eldhús, en gangar, geymslur og baðherbergi undanskilin. Undir þennan lið falla og vinnustofur, skrifstofur og verzlunarbúðir.

#### B. Vélar:

Þar, sem orkan er seld til vélareksturs, skal hún seld um kwst.mæli á 50 aura hver kílóvattstund, allt að 150 kólíwattst. á hvert kílóvatt í málraun vélanna, en á 15 aura hver kílóvattstund, sem notuð er fram yfir það. Þó skal minnsta árgjald vera 75.00 kr. á hvert kílóvatt í málraun vélanna.

#### C. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu:

Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.

- 90 D. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjórn í samráði við rafveitustjóra selja  
27. apríl raforkuna eftir sérstökum samningi í hvert skipti.  
E. Í útihúsum og sjóhúsum greiðist hver kwst. með 1 kr. öll notkun.  
F. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar.

### II. Mælaleiga.

Leiga fyrir rafmæla er kr. 1.00 á mán. Gjald fyrir raforku og mælaleigur skulu greiðast mánaðarlega.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

### III. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 10.00.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til 1. október 1945.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld bráðabirgðagjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Ólafsfjarðarkauptúni, nr. 147 28. ágúst 1940.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1945.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

91

## SAMPYKKT

30. apríl

### um stjórn bæjarmála Ólafsfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar er skipuð 7 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni kaupstaðarins, er til bæjarstjórnar koma. Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fundi bæjarstjórnar, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

2. gr.

Sérstökum málefnum kaupstaðarins stjórna og hafa með höndum fastar nefndir, er bæjarstjórn kýs. Þessar nefndir eru:

1. Fjárhagsnefnd.
2. Framfærslunefnd.
3. Allsherjarnefnd.
4. Fasteignanefnd.
5. Rafveitunefnd.
6. Veganefnd.
7. Vatns- og hitaveitunefnd.
8. Fjallskilanevnd.
9. Bókasafnsnefnd.
10. Niðurjöfnunarnefnd.